

Leiklaginu eftir heimildum að dæma. En á næsta ári 1924 tekur hann heldur betur til hendinni. Með því hefst blómaskeiðið á listferli Indriða hjá félaginu bæði á gamansömum og alvarlegum hlutverkum. Hann var jafnvigur á hvortveggja eftir blaðadómum að ræða.

Indriði lék samtals átíttu og eitt hlutverk hjá Leikfélagi Reykjavíkur.

Af hlutverkum hans frá þessum árum, má nefna þessi helst: Henrik í Spanskflugunni, Malvólíó í Prettándakvöldi eftir Shakespeare, Tom Prior í Á útleið eftir Sutton Vane, Galdraloft, í samnefndu leikriti Jóhanns Sigurjónssonar og Gustaf Bergmann í Návígi. Árið 1943 kemur svo eitt af minnstæðustu hlutverkum Indriða, en það var dr. Görtler í leikriti Priestly, Ég hef komið hér áður. Þann þekktu breska höfund mat hann mikils og síðar á ævinni sviðsetti hann tvö af verkum hans.

### Leikstýrói 67 sýningum

Leikstýraferill Indriða Waage er ekki síður merkilegur en túlkun hans á fjölmörgum hlutverkum. Hann leikstýrði alls sextíu og sjö leikstýringum hjá Leikfélaginu og hefur enginn, fram til þessa, leikstýrt svo mörgum verkefnum hjá LR.

Í bók sinni, Leikhúsið við tjörnina, færir Sveinn Einarsson, fyrrverandi leikhússtjóri, mjög skilmerkileg rök að því. „að Indriði Waage verði kallaður fyrsti leikstjóri Íslendinga í nútímamerkingu þess orðs“ og enn fremur segir hann þar: „Það fer vart milli mála, að Þýskalandsdvöl Indriða hefur haft grundvallar-áhrif á leikstýraferil hans, bæði áhrif af sýningum Max Reinhardts, sem þá var frægastur þýzkra leikhúsmanna, og eins frá expression-ism, sem þá bar miklið á. Íðulega sést, að hann velur sér til meðferðar verk, sem hann kynnist þarna, og það þótt löngu síðar sé á ævinni. Og hann hænist að verkefnum, þar sem rammi realismans er brotinn upp, þar sem dulúð og veggjálens hins óræða umlykur söguhetjurnar. Þar má nefna leikritin: Á útleið, Sex verur leita höfundar, Ég hef komið hér áður og Medan við bíðum. Það kemur því ekki á óvart að hann tekur fegins hendi við verkefnum eins og Sólumaður deyr og Lokaðar dyr, á fyrstu árunum, sem hann starfar hjá Þjóðleikhúsinu“.

Á fyrstu árum leikstarfseminnar á Íslandi voru leikstjórar jafnan nefndir leiðbeinendur í leikskrá og hélt sú nafngift allt fram að síðari heimsstyrjöld. Það er víðbúð að leikstjórn hinna fyrstu framherja hafi ekki verið eins víðtæk og síðar varð. Vald leikstjórans við uppsetningu leikverka er nú miklu meira og nær til hvers smáatriðis er varðar sýninguna og alls undirbúnings hennar. Nú á tímum er það hlutverk leikstjórans að samræma alla hina ólku þætti og skapa sanna og trúverðuga heildarmynd á verkinu. Indriði Waage er talinn fyrstur manna hér á landi, sem tileinkaði sér þess háttar vinnubrögð við sviðsetningar leikverka.

Indriði hóf leikstýrnarferil sinn hjá Leikfélagi Reykjavíkur haustið 1925 og stjórnaði á því leikari þremur sýningum. Hann réðist ekki á garðinn þar sem hann var lægstur, heldur var hann djarfur, framsækinn og óragur. Ferskur blær færðist þá yfir alla starfsemi félagsins. Hann leikstýrði á þessu ári fyrstu Shakespeare sýningunni hÉrlending, Prettándakvöldi. Á næsti ári setti hann upp Vetrarævintýri eftir sama höfund. Bæði þessi leikrit voru þýdd af afa hans og nafna Indriða Einarssyni. Þá hafði hann opin augun fyrir nýjum stefnum og straumum í leikhúsheiminu og var hvergi smeykur við að velja verk eftir nýtískulega höfunda þeirra tíma. Þá virðist hann snemma hafa gert sér grein fyrir því, að nauðsynlegt var að efla íslenska leikritun og koma verkum innlendra höfunda á framfæri.

Samvinna þeirra frænda, Indriða og Emils Thoroddsen, reyndist mjög heilladrjúg á þessum árum. Þeir gerðu í félagi leikgerð af Manni og konu, hinni vinsælu skálsögu Jóns Thoroddsen. Sú leikgerð var frumsýnd árið 1933 og hefur síðan farið sigurför hjá helstu leikfélögum landsins í nokkra áratugi. Ári síðar sviðsetti Indriði svo söguna Pilt og stúlku, eftir sama höfund, í leikgerð Emils, sem einnig samdi hina vinsælu tónlist við verkið, en mörg sönglaganna í Pilti og stúlku eru hreinar perlur í íslenskri lagasmíð.

Á þessum árum og allt fram yfir síðari heimsstyrjöld bjó þjóðin við mikla einangrun í samgöngumálum. Fáir áttu þess kost að bregða sér út fyrir landsteinana og kynnast því helsta sem fram fór í leikhúsum nærliggjandi landa. Þrátt fyrir þessa einangrun, tókst Indriða furðu vel að fylgjast með því sem var að gerast í hinum erlenda leikhúsi. Hann var ágætur málamaður og tókst jafnan að afla sér fræðiboka um leiklist og einnig nýrra leikverka. Með árunum kom hann sér upp ágætum safni leikbókmennta. Nú er öldin önnur sem betur fer og ekkert þýkir sjálfsögðara en að listafólk kynni sér leikmenningu annarra þjóða.

Indriði tók við formennsku Leikfélags Reykjavíkur af Kristjáni Albertssyni 1926 og gegndi því embætti næstu þrjú árin. Nánir samstarfsmenn hans telja, að hann hafi ekki

kunnað vel við sig í því starfi. Fundarsetur og daglegt félagslegt þras átti ekki við hann. Hann var mjög viðkvæmur og mikill skapmaður og tók hlutina nærri sér. Allir örðugleikar og andstreymi komu honum úr jafnvægi sem listamanni. Á þeim árum og reyndar oft síðar voru miklir flokkadrættir innan félagsins og stundum hörd átök milli ákveðinna manna. Fjárhagur félagsins var yfirleitt alltaf mjög þröngur, en versnaði þó að mun þegar heimskreppan skall á í byrjun fjórða áratugarins. Þá varð oft að slá af listraenum kröfum og taka þau leikrit til flutnings, sem vænleg þóttu til að gefa aura í kassann.

Í þeim tilgangi innleiddi Indriði farsana, eftir Arnold og Bach, sem voru lengi síðan með vinsælustu verkefnum Leikfélagsins. Þessi leikrit troðfylltu leikhúsið kvöld eftir kvöld. Margir gagnrýndu harðlega þessa ráðstöfun forráðamanna Leikfélags Reykjavíkur að bjóða upp á slíkt léttmeti. En þessir gamanleikir björguðu oft fjárhag félagsins og gerðu því kleift að fást við metnaðarfullri viðfangsefni. Farsar Arnolds og Bach voru flestir þýddir af Emil Thoroddsen og suma þeirra staðfærði hann.

### Fjalakötturinn 1943

Árið 1943 stofnaði Indriði, ásamt Emil og Haraldi Á. Sigurðssyni, leikfélagið Fjalaköttinn. Félagið sýndi aðallega revíur og gamanleiki næstu árin og voru þeir Emil og Haraldur jafnan höfundar handrits, en Indriði var leikstjóri. Sýningar Fjalakattarins nutu mikilla vinsælda á sínum tíma og aðsókn var oftast í samræmi við það. Þá skal þess getið að árið 1948 minntist Fjalakötturinn 25 ára leikafmælis Indriða með sýningu á leikritinu Medan við bíðum eftir Jóhann Borgen. Þessari uppfærslu stjórnaði Indriði sjálfur og lék einnig aðalhlutverkið og hlaut hann frábæra dóma fyrir túlkun sína.

Brynjólfur Jóhannesson leikari var náinn samstarfsmaður Indriða Waage í nær fjóra áratugi. Hann lýsir kynnum sínum af honum í æviminningum sínum á eftirfarandi hátt:

„Indriði Waage gerðist leiðbeinandi Leikfélags Reykjavíkur haustið 1925. Og það er ekki ofsagt að við komu hans hafi ný vinnubrögð, nýtt líf og andi tekið við í félaginu. Það var einstaklega gaman að starfa með Indriða á þessum árum. Hann var fullur af dirfsku og áhuga, stöðugt opinn fyrir nýjum hugmyndum, öldungis óhræddur, að fást við ný og ný-stárleg verkefni- hvort heldur það voru verk tískuhöfunda eins og Pirandello, Shakespeare sjálfur eða farsarnir eftir Arnold og Bach. Indriði var fyrst og fremst leikhúsmáður, og hann var mjög alhlíða listamaður í leikhúsinu. Hann var snjall leikstjóri, líklega sá mikilhefasti, sem við höfum eignast. Sjálfur var hann mjög fjölbærur leikari, jafnvigur á gaman og alvöru... Indriði hneigðist að leikritum þar sem gætti hins yfirskilvitlega, mystiska; og hafði mikinn áhuga á sálarfræði og jafnframt var hann skygn á hið hversdagslega og mannlega... Hann var einkar natinn leikstjóri, nærgætinn og hjálpsamur viðvaningum og öðrum, sem áttu í erfiðleikum með hlutverk sín. Og Indriði hafði þann meginkost, að ævinlega mátti ræða við hann það sem milli bar um skilning eða aðferðir í leikum, einstök túlkunaratriði, raddblæ eða látbragð, og hann féllst hiklaust á sjónarmið leikarans, ef honum fanst þau réttmæt... En Indriði gat líka verið ákveðinn og hlífðarlaus, ef honum þótti nokkuð í húfi. Honum var ævinlega efst í huga ákveðinn heildarsvipur leiksins, sem hann miðaði staðfastlega að, og frá þeirri stefnu varð ekki vikið.“

Fram að því að Þjóðleikhúsið tók til starfa árið 1950 urðu leikarar hér á landi að vinna fyrir sínu daglega lífsviðurværi við hin ólíkustu störf. Það varð hlutskipti Indriða, að starfa í banka. Laun fyrir sýningar á þessum árum voru mjög lítil og stundum engin. Þetta voru þau kjör, sem íslenskt leiklistar fólk varð að sætta sig við á frumbýlingsárunum. Æfingar fóru fram á kvöldin og nóttunni eftir langan og strangan vinnudag, en þrátt fyrir það tókst oft að vinna stórbrotna listræna sigra. Leiklistin á Íslandi mun ávallt standa í óbættri þakkarskuld við þessa merku brautryðjendur.

Listferill Indriða í Þjóðleikhúsinu var ekki síður markverður og þar vann hann marga leiksigra og ber hlutverk hans sem Willy Loman í Sólumaður deyr þar einna hæst.

Hann leikstýrði alls 23 leikstýringum hjá Þjóðleikhúsinu og lék þar 36 hlutverk. Síðasta hlutverk hans á leiksviði var, Ókunnur farþegi, í Pétri Gaut eftir Ibsen, en þar kom hann fram í gervi dauðans. Hann lést 17. júní 1963.

Allmargar upptökur eru varðveittar í segulbandasafni Ríkisútvarpsins með Indriða Waage. Þar sýnir hann blæbrigðarika túlkun í mörgum ólíkum hlutverkum. Það féll oft í hans hlut að leika menn, þar sem viðkvæmir strengir höfðu brostið í sálarlífi þeirra, vegna andstreymsis í lífinu. Í túlkun sinni á þeim, var leikur hans djúpur og ríkur. Þar var rödd hans klíðmjúk og seimögnuð og líður þeim seint úr minni er á hlýddu.

Höfundur er leikari.

## Gripið niður í ævisögu Eufemiu Waage, Lifað og leikið, sem út kom 1949.



Úr fórum Árna Eiríkssonar.

HJÓNIN Eufemia Indriðadóttir Waage og Jens Waage.

# LEIKTJÖLDIN FENGIN FRÁ DANMÖRKU

ÞENNAN vetur – 1903–04 – var Jón Aðils leiðbeinandi hjá Leikfélagi Reykjavíkur, eins og ég hefi sagt áður frá. Þá var leikið „En Fallit“ eftir Björnstjerne Björnson og kom þar fram nýr leikandi á sjónarsviðið, Guðmundur T. Hallgrímsson, sem seinna varð læknir. Hann var eitt bezta leikaraefni, sem hér hafði komið fram um margra ára skeið, en hans naut ekki lengi við, því að hann ætlaði að leggja annað fyrir sig. Samt hefir hann líklega leikið um tveggja eða þriggja ára skeið með Leikfélaginu.

Pennan vetur var einnig tekið til meðferðar leikritið „Apinn“ eftir frá Heiberg og lék Guðrún systir mín þá með í fyrsta sinn eftir að hún kom heim úr vesturförinni. Þetta var einþáttungur, en mátti raunar skipta honum í tvennt. Hefir mér alltaf þótt „Apinn“ furðu skemmtilegt leikrit. Pennan vetur lék Árni með, þótt heimilisástandur væru erfiðir hjá honum, því að hann missti móður sína um haustið og eitt af börnum sínum rétt eftir jólin. Kona hans sté ekki í fæturnar eftir það og andaðist föstudaginn langa vorid 1904.

Sumarið eftir lék Stúdntafélagið „Alt Heidenberg“. Tóku ymsir eldri stúdentar í bænnum þátt í því. Var sýning þeirra haldin til ágóða fyrir líkneski Jónasar Hallgrímssonar og má ég segja, að það hafi verið keypt fyrir ágóðann af sýningum þessa leiks. Guðmundur T. Hallgrímssonar lék Lutz ágæta vel. Maðurinn minn og Guðrún systir mín léku prinsinn og Káthie. Leiktjöld voru fengin frá Danmörku og þóttu þau með afbrigðum falleg því að þá höfðu aldrei sézt gagnsær leiktjöld og þótti mönnum mikið til koma. En eftir þetta aflaði Leikfélagið nokkrum sinnum leiktjalda frá sama málara. Hann var Carl Lund og mun hann hafa málað leiktjöld fyrir mörg leikhús í Danmörku.

Pabbi og Halldór Jónsson bankagjaldkeri tóku báðir þátt í þessum leikstýringum og ymsir yngri stúdentar, svo sem Bogi Benediktsson, sem þótti gott leikaraefni. Jón Kristjánsson nuddlæknir var og í þessum stúdenta-hópi. Léku þeir báðir, Bogi og Jón, með Leikfélaginu nokkur ár eftir þetta.

Vorid, sem kona Árna andaðist, kaus Leikfélagið hann fyrir formann sinn, en

Þorvarður Þorvarðarson hafði verið það áður. Hafði ævinlega verið ágæt samvinna með honum og manningum mínum og þótti mér alltaf leiðinlegt, að maðurinn minn skyldi hafa átt þátt í því að fella hann frá formennsku. Þar kom til einkamál, sem ég hirði ekki um að segja frá hér. Um vorid fór Árni til Danmerkur og var þar um sumarið, kom ekki heim aftur fyrr en um haustið, en þá var félagið byrjað að æfa leikrit það, sem það hafði fengið frá Hall Caine og nefnt var „John Storm“ hjá okkur. Léku þau Guðrún og maðurinn minn aðalhlutverk-in þar og þótti takast ágætlega. Fyrir þetta leikrit voru einnig fengin leiktjöld frá Danmörku. Stefania Guðmundsdóttir var líka utanlands þetta sumar, hafði farið utan fyrr um veturinn en Árni og voru þau því bæði fjarverandi fram á haust. Þegar Árni var nýbúinn að taka við formennsku, fann hann upp eins konar höfðatölureglu. Vildi hann þá láta velja leikritin með tilliti til þeirra þriggja kvenna, sem voru aðalleikendurnir hér, Gunnþórunnar, Stefanía og Guðrúnar, og áttu þær sjálfar að fá að velja leikrit, sem þær hefðu svo aðalhlutverk-in í, en þetta fór nú hvorki betur né verr en svo, að þegar Gunnþórunni var boðin þátttaka í þessu, móðgðist hún eitt-hvað, líklega við Árna, þótt ég viti það ekki, og lék ekki með Leikfélaginu í mörg ár eftir það.

Þegar Gunnþórunn var yngri, fannst mér hún vera mjög skemmtileg leik-kona. Hún gat tekið á sig mörg gervi, og maður gat oft búit við að sjá ýmislegt nýtt hjá henni. Var skaði fyrir félagið að missa hana svona fljótlega. Hún hafði þá um nokkurt skeið sitt eigið leikfélag, en fór svo á síðari árum að leika aftur með félaginu og var alltaf afburðaleg leikkona og þótti ýmsum hún mjög skemmtileg, þó að mér fyndist hún ekki geta farið í eins marga hami á seinni árum. Fannst mér það mikið afrek, þegar hún lék Ástu í „Pétri Gaut“, því að þá hún var hún orðin töluvert öldruð kona.

Nú voru þær Stefania og Guðrún aðal-leikkonurnar um langt tímabil, þegar Gunnþórunn var farin og Þóra, kona Árna, sem hafði verið ein aðalleikonan um nokkur ár, látin. Þóra heitin var mikil fríðleikskona og held ég, að hún hafi haft mikla leikhæfileika, en leiklist-in var nú ekki á eins háu stigi hjá okkur þá og núna.